



Framtíðin í fyrsta sæti

Umbótaverkefni grunnskóla Kópavogs til 2030

Inngangur

Í Kópavogi er öflugt skólastarf sem drifið er áfram af fagmennsku og nýsköpun. Starfið einkennist af metnaði og stöðugri þróun í takt við þarfir nemenda, samfélagsþróun og í samræmi við menntastefnu Kópavogs til 2030. Áhersla er á hæfnimiðað nám, fjölbreytta kennsluhætti og einstaklingsmiðaða nálgun í námi. Sérstaklega er unnið að eflingu lestrarkennslu og læsis í víðum skilningi, samþættingu náms, lýðræði, stafrænni borgaravitund og skilvirkri notkun stafrænna lausna. Lögð hefur verið áhersla á að móta námsumhverfi sem styður vel við fjölbreyttan nemendahóp.

Á sama tíma stendur grunnskólastarf á Íslandi frammi fyrir fjölmörgum áskorunum sem kalla á markvissar umbætur og samræmda stefnu. Skólastarf þarf stöðugt að rýna með það að markmiði að efla námsárangur og líðan barna og stuðla að nýbreytni og umbótum í námi.

Frá hausti 2024 hefur farið fram umfangsmikið samráðsferli innan grunnskóla Kópavogs. Á tímabilinu 17. september til 9. október 2024 heimsótti bæjarstjóri Kópavogs alla 10 grunnskóla bæjarins ásamt starfsfólki menntasviðs. Í heimsóknunum áttu þau samtöl við skólastjórnendur, kennara, nemendur og annað starfsfólk, auk þess sem húsnæði og aðstæður hvers skóla voru skoðaðar. Markmið heimsókna var að kynnast skólabrag og starfinu í hverjum skóla, greina styrkleika og áskoranir í starfinu og virkja samráð um umbótaleiðir. Í framhaldinu fundaði bæjarstjóri með fulltrúum foreldra í stjórnnum foreldrafélaga og skólaráðum.

Alls tóku rúmlega 300 manns þátt í samráðinu og mótun tillagna að umbótum.

Til viðbótar við þau gögn sem var aflað með samtölum við hagaðila voru gögn úr lestrar- og velferðarmælingum og öðrum úttektum og skýrslum rýnd af sérfræðingum menntasviðs Kópavogsbæjar. Frá janúar og fram í apríl 2025 fór fram samráð og þróunarvinna með skólastjórnendum allra grunnskóla og sérfræðingum menntasviðs á tveimur stefnumótunarfundum, þar sem lögð voru drög að tillögum að umbótaverkefnum og áherslur samræmdar. Í framhaldinu tók stýrihópur undir forystu bæjarstjóra – skipaður fulltrúum bæjarstjórnar, skólastjórnenda, kennara, foreldra og starfsfólks menntasviðs – við rýni og yfirferð á tillögum og lagði til breytingar og áherslur.

Tillögur að umbótum byggja því á víðtæku samráði, greiningu og niðurstöðum mælinga og faglegrar rýni auk sjónarmiða kennara, skólastjórnenda, foreldra og nemenda. Þær taka jafnframt mið af áherslum menntastefnu Kópavogs til 2030, menntastefnu stjórnvalda til 2030 og aðgerðaáætlun mennta- og barnamálaráðuneytis. Tillögurnar ná til lykilsviða skólastarfs – námsumhverfis, kennslu, stjórnunar, samstarfs við foreldra og starfsþróunar.

Í þessu samráðsferli komu fram skýr og oftast samhljóða sjónarmið um stöðu grunnskólastarfs í Kópavogi. Tækifæri felast í að virkja sterkt skólasamfélag sem er reiðubúið að þróast og laga sig að breyttum aðstæðum. Helstu áskoranir snúa að því að bregðast við fjölbreytileika og stærð nemendahópa, samræma hæfniviðmið, námsmarkmið og námsmat milli skóla, auka öryggi og vellíðan í starfsumhverfi skólanna og fjölga faglærðum kennurum í grunnskólum Kópavogs.



Markmið tillagnanna er að skapa öflugt náms- og starfsumhverfi fyrir nemendur, kennara og foreldra í Kópavogi. Samráðið endurspeglar vel þær áskoranir í skólastarfi sem flest eru sammála um að bregðast þurfi við til framtíðar og tillögurnar taka mið af. Þær byggja á heildstæðri framtíðarsýn fyrir skólastarf í Kópavogi og leggja grunn að því að Kópavogur verði áfram í fararbroddi þegar kemur að faglegu og árangursríku skólastarfi.

Lykiláherslur í tillögunum:

- **Auka gæði kennslu** með áherslu á hæfnimiðað nám, markvissa endurgjöf á vinnu nemenda og námsumhverfi þar sem tekið er tillit til fjölbreytileika í nemendahópum. Hæfniviðmið, námsmarkmið og námsmat verða samræmd. Fylgst verður með námsframvindu nemenda reglulega með markvissum mælingum til að nemendur og foreldrar fái skýra mynd af stöðu og framförum í námi.
- **Innleiðing nýs námsmatskerfis MMS (matsferill MMS)**, felur í sér stöðu- og framvindupróf sem nýtast bæði nemendum og kennurum til að greina námsstöðu og framfarir, og auðvelda kennurum að bregðast við í kennslu. Með bættu námsmatskerfi fá nemendur, foreldrar og skólar jafnframt meiri og betri upplýsingar um stöðu og framvindu í námi.
- **Tryggja samfellu í námi** milli allra skólastiga og byggja upp stuðningskerfi sem mætir þörfum fjölbreytts nemendahóps í anda inngildingar og jafnræðis.
- **Styrkja kennara og skólastjórnendur** með fjölgun menntaðra kennara, öflugri símenntun, faglegri leiðsögn og aðgengi að gögnum sem styðja við kennslu, leiðtogahlutverk og umbótastarf.
- **Styrkja samstarf heimila og skóla** með sameiginlegum sáttmála og reglulegu samtali um námslega stöðu, líðan og velferð barna sem byggir á trausti og gagnkvæmri ábyrgð.
- **Byggja upp öruggt og hvetjandi starfsumhverfi** sem styður við vellíðan og skapar forsendur fyrir faglega samvinnu og stöðuga þróun skólastarfs.

Umbótaverkefni

Tillögur að umbótaverkefnum eru flokkaðar í þrjú meginvið sem endurspegla lykiláherslur í skólastarfi í samræmi við menntastefnu Kópavogs. Þær byggja á samþættum markmiðum um námsárangur, vellíðan og fagmennsku. Hver flokkur felur í sér fjölbreytt verkefni sem vinna saman að því að styðja við skapandi, inngildandi og faglegt skólastarf þar sem allir nemendur fá tækifæri til að ná árangri á eigin forsendum.

1. **Námsumhverfi og kennsla.** Verkefni í þessum flokki beinast að þróun kennsluhátta, námsmats og mælinga í skólastarfi, auk eflingar grunnfærni og aðgengilegs, sveigjanlegs námsumhverfis. Lögð er áhersla á að skapa forsendur fyrir hæfnimiðað og skapandi nám sem styður við virkni, áhuga og árangur allra nemenda.
2. **Velferð og foreldrasamstarf.** Lögð er áhersla á samfellu í skólagöngu barna, inngildandi skólasamfélag, öryggi, góð samskipti og stuðning foreldra við nám barna sinna. Verkefnin



miða að því að efla tengsl, traust og sameiginlega ábyrgð á velferð og farsæld barna.

- 3. Starfsumhverfi og forysta.** Verkefni hér miða að því að styrkja fagmennsku og starfsþróun kennara og stjórnenda, styðja við leiðtogahlutverk skólastjórnenda og skapa heilbrigt, hvetjandi og öruggt starfsumhverfi. Markmiðið er að byggja upp öfluga starfsmenningu sem laðar að og heldur í hæft fagfólk og styður við gæði og þróun skólastarfs til framtíðar.

Niðurstöður samráðs eru heildstæðar tillögur sem byggja á reynslu og innsýn skólasamfélagsins í Kópavogi. Þær miða að því að efla gæði skólastarfs, og skapa náms- og starfsumhverfi til hagsbóta fyrir nemendur, kennara og foreldra í Kópavogi.



Tillögur að umbótaverkefnum

Námsumhverfi og kennsla

1. Innleiðing heildstæðrar læsisáætlunar

Heildstæð læsisáætlun verður innleidd í öllum leik- og grunnskólum Kópavogs og í starfi frístunda- og félagsmiðstöðva. Áætlunin felur í sér þróun og samþættingu allra þátta læsis; talaðs máls, hlustunar og áhorfs, lesturs og bókmennta, ritunar, málfræði og stafræns læsis. Áhersla verður lögð á þjálfun í stafrænni borgaravitund, þ.e. öryggi, siðferði og nethegðun í stafrænu samhengi. Kennarar fá fræðslu og leiðsögn til að kenna læsi þvert á námsgreinar og í frístundastarfi. Foreldrar fá leiðbeiningar um hvernig hægt er að styðja við lestur og málþroska barna heima og stuðla að öruggri og ábyrgri stafrænni notkun. Skólabókasöfn verða efld til að auka áhuga barna á lestri. Reglubundnar lestrarmælingar verða notaðar kerfisbundið til að greina stöðu, gera umbætur og fylgja eftir árangri.

Markmið: Að árið 2030 geti 90% útskrifaðra nemenda náð viðmiði 1 eða hærra í lesfimiþrófum og hafi grunnfærni í stafrænu læsi og borgaravitund.

2. Samræma hæfniviðmið, námsmarkmið og námsmat

Hæfniviðmið og námsmarkmið fyrir árganga og greinar verða endurskoðuð og samræmd milli skóla í Kópavogi, eins og kostur er, með hliðsjón af aðalnámskrá og viðmiðum MMS. Námsmat verður tengt þessum viðmiðum og áhersla lögð á að nemendur og foreldrar fái skýrari mynd af námslegri stöðu og framvindu náms. Reglubundin endurgjöf í formi umsagna verður nýtt til að gera námsmatið uppbyggilegt og hvetjandi. Matskvarðar (bókstafir, tákn, litir) verða samræmdir milli skóla og áhersla verður lögð á leiðbeinandi námsmat og leiðsagnarnám. Aðferðafræði fyrir lokamat í 10. bekk verður endurmetin með tilliti til réttmætis og áreiðanleika. Kennarar og stjórnendur fá fræðslu og stuðning til að innleiða ný viðmið og námsmat í takti við endurskoðaða námskrá og áherslur leiðsagnarmats.

Markmið: Að stuðla að aukinni endurgjöf og samfellu í námi með samræmdum hæfniviðmiðum, námsmarkmiðum og námsmati milli árganga og greina í grunnskólum Kópavogs.

3. Notkun staðlaðra mælinga á námsframvindu

Stöðu- og framvindupróf (matsferill MMS) í lesskilningi og stærðfræði verða lögð fyrir nemendur allra grunnskóla í Kópavogi í 4. – 10. bekk frá vori 2026. Niðurstöðurnar verða markvisst nýttar til að greina stöðu og framfarir nemenda og styðja við kennara til að miða kennslu við þarfir hvers og eins nemenda. Í öllum grunnskólum Kópavogs verður innleitt skýrt verklag um reglubundna notkun staðlaðra mælinga á námsframvindu nemenda, m.a. í læsi, lesskilningi, stærðfræði og annarri grunnfærni. Gögn úr mælingum verða nýtt til að greina námslega stöðu nemenda, veita snemmtækan stuðning og styðja við leiðsagnarmat. Foreldrar fá reglubundið og skýrar upplýsingar um námslega stöðu barna sinna og hagnýtar leiðbeiningar um hvernig þeir geta stutt við námið heima. Skólastjórnendur og menntasvið nýta niðurstöður til að fylgjast með þróun innan skólanna og styðja við umbætur í námi og kennslu.



Markmið: Að staðlaðar námsmælingar séu nýttar kerfisbundið til að greina námslega stöðu nemenda og veita þeim reglulega eftirfylgni og viðeigandi stuðning.

4. Þróun á nýju námsumsjónarkerfi

Kópavogsbær tekur þátt í þróun heildstæðs námsumsjónarkerfis sem styður við einstaklingsmiðað nám, kennslu og námsmat og veitir nemendum, foreldrum og kennurum góða yfirsýn yfir nám og námsframvindu. Verkefnið felur í sér þarfagreiningu í samráði við skólasamfélagið, samanburð á lausnum og tilraunakeyrslu í skólum. Kerfið verður prófað í skólum skólaárið 2025 -2026 og niðurstöðurnar verða notaðar til að taka ákvörðun um innleiðingu í öllum skólum í framhaldinu.

Markmið: Að námsumsjónarkerfi sé til staðar sem styður við einstaklingsmiðað nám, námsmat og skýra upplýsingagjöf í grunnskólum Kópavogs.

5. Móttaka og stuðningur við börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Núverandi móttökuferli og stuðningsúrræði fyrir börn og fjölskyldur með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn verða tekin til úttektar og úrræði þróuð í samstarfi við velferðarsvið Kópavogs og grunnskólana. Markmiðið er að tryggja markvissa móttöku í inngildandi skólastarfi og náms- og félagslegan stuðning frá fyrsta degi. Kennsla í íslensku sem öðru máli verður samkvæmt viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár um íslensku sem annað mál og námsmat miðast við tungumálastig barna. Kennarar fá fræðslu og stuðning til að aðlaga kennsluaðferðir og námsmat að þörfum nemenda og foreldrar fá fræðslu og leiðsögn um hvernig þeir geta stutt börn sín í tungumálanámi og félagslegri aðlögun.

Markmið: Að öll börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn fái markvissa móttöku, náms- og inngildandi stuðning í grunnskólum Kópavogs.

6. Auka fjölbreytni valgreina á unglingastigi

Fjölbreytt valgreinakerfi á unglingastigi styrkir einstaklingsbundinn námsáhuga og undirbýr nemendur fyrir áframhaldandi nám. Með sameiginlegri skipulagningu og auknu samstarfi milli grunnskóla og þar sem við á, framhaldsskóla, verður þróað fjölbreytt framboð valgreina fyrir nemendur í 8.–10. bekk. Verkefnið felur í sér þarfagreiningu á áhugasviði nemenda, kortlagningu núverandi framboðs, og mótun miðlægrar valgreinaáætlunar sem tryggir raunverulegt val og hagkvæma nýtingu mannauðs og aðstöðu. Árangur verður metinn reglulega með mælingum á þátttöku, framkvæmd og gæðum.

Markmið: Að tryggja fjölbreytt valgreinaval fyrir nemendur í 8.-10. bekk sem styður við áhugasviðið og undirbýr þá fyrir áframhaldandi nám.

7. Þróun samþættra stuðningsúrræða í anda farsældar

Börn í grunnskólum Kópavogs njóta stuðningsúrræða sem styðja við námsframvindu og vellíðan. Mikilvægt er að greina þessa þjónustu og þróa hana áfram í takt við breyttar áherslur og þarfir. Verkefnið felur í sér mat á núverandi úrræðum og hvort þörf sé á aðlögun eða



endurskipulagningu, auk þess sem skoðað verður hvernig húsnæði og innviðir skóla nýtast í þessum tilgangi. Lögð verður áhersla á að efla stuðning við nemendur með hegðunar- og félagsvanda, og skýra viðbragðsferla sem tryggja vellíðan og öryggi nemenda og kennara. Jafnframt verður unnið að því að styrkja inngildandi viðhorf og skipulag sem byggir á samþættri og snemmtækri þjónustu við börn og fjölskyldur. Greining og áætlun fara fram í samstarfi við stjórnendur og fagfólk skólanna.

Markmið: Að styrkja stuðningsúrræði í grunnskólum Kópavogs í anda farsældarlaga.

8. Samfella og samvinna á milli skólastiga

Nýtt verklag verður mótað til að tryggja samfellu í námi og stuðning barna við flutning milli skólastiga, sérstaklega frá leikskóla í grunnskóla og á milli yngsta, mið- og unglingastigs. Lykilforsenda samfellu er markviss notkun gagnreyndra skimana, yfirsýn yfir námsstöðu og líðan nemenda og faglegt samstarf milli skólastiga. Þróuð verða sameiginleg viðmið um skipulag skilafunda á milli skólastiga, miðlun upplýsinga og hvernig gögn fylgja börnum til að styðja við móttöku, kennslu og stuðning á næsta skólastigi. Kennarar og stjórnendur fá fræðslu um verklagið og foreldrum verða veittar upplýsingar um þau gögn sem fylgja þegar barn flyst á milli skólastiga.

Markmið: Að tryggja skýra og markvissa samfellu í námi og stuðningi við flutning barna milli skólastiga.

9. Fýsileikamat á stofnun sérskóla

Til að mæta þörfum nemenda með fjölþættar þarfir hefur Kópavogsbær, í samstarfi við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, hafið greiningu á þörf og fýsileika þess að stofna sameiginlegan sérskóla. Verkefnið felur í sér mat á fjölda nemenda sem gætu nýtt slíkt úrræði, greiningu á fyrirkomulagi, húsnæðis- og innviðabörf, og kostnaðarmati á mismunandi rekstrar- og samstarfsleiðum. Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) leiða vinnuna að beiðni sveitarfélaganna og hefur ráðið verkefnastjóra til að stýra greiningunni og leggja fram tillögur að næstu skrefum.

Markmið: Að meta þörf og fýsileika stofnunar sameiginlegs sérskóla fyrir nemendur með fjölþættar stuðningsþarfir í samstarfi við önnur sveitarfélög.



Velferð og foreldrasamstarf

10. Gerð sáttmála um samstarf heimila og skóla

Samstarf heimila og skóla stuðlar að farsælu námi, vellíðan barna og árangri í skólastarfi. Sameiginlegur sáttmáli verður mótaður í samvinnu við alla aðila skólasamfélagsins. Hann skilgreinir hlutverk, ábyrgð og samskiptareglur foreldra, nemenda og starfsfólks skóla, með það að markmiði að efla samvinnu sem byggir á gagnkvæmri virðingu og trausti. Í sáttmálanum verða sett viðmið um þátttöku og stuðning foreldra, meðal annars varðandi skólasókn, notkun snjalltækja á skólatíma og stuðning við heimanám. Sáttmálinn verður samþykktur af skólaráði hvers skóla, kynntur öllum foreldrum við upphaf skólagöngu og endurskoðaður reglulega.

Markmið: Að móta og innleiða sameiginlega sáttmála sem styrkir samstarf heimila og skóla í þágu náms og velferðar barna.

11. Upplýsingagjöf sem styður við nám nemenda og þátttöku foreldra

Regluleg, skýr og markviss upplýsingagjöf gerir foreldrum kleift að fylgjast með námsframvindu barna sinna og styðja þau í námi. Mótað verður verklag og gátlisti fyrir skóla til að tryggja að lykilupplýsingar um námsstöðu, framvindu og líðan nemenda séu skráðar og miðlað reglulega. Það felur m.a. í sér formleg foreldrasamtöl, einstaklingssamtöl við nemendur, og reglulega endurgjöf frá kennurum. Árlega verður boðið upp á fræðslu fyrir foreldra um námsmat, stöðu,- framvindu- og skimunarpróf, heimanám og hlutverk þeirra í námsferli barna sinna.

Markmið: Að veita foreldrum og nemendum reglulega upplýsingar, sem styðja við framvindu náms, vellíðan og þátttöku foreldra í námi barna sinna.

12. Fræðsluáætlun fyrir foreldra um nám, velferð og inngilding

Aðgengileg og skipulögð fræðsla til foreldra eykur líkur á öflugu samstarfi heimila og skóla og styður við farsæld barna. Mótuð verður heildstæð fræðsluáætlun fyrir foreldra barna á öllum skólastigum, sem tekur til náms, inngildingar, velferðar og forvarna. Áætlunin verður unnin í samstarfi við foreldra, kennara og menntasvið Kópavogs og byggir á þörfum skólasamfélagsins. Fræðslan verður fjölbreytt að formi, s.s. rafræn og staðbundin, aðgengileg á ólíkum tungumálum og miðlað með tilliti til menningarbakgrunns og reynslu foreldra.

Markmið: Að veita foreldrum fræðslu sem styður við þátttöku þeirra í námi og velferð barna á öllum skólastigum.



Starfsumhverfi og forysta

13. Stuðningur við fjölgun menntaðra kennara

Mikilvægt er að fjölga kennurum í grunnskólum Kópavogs. Til að ná því markmiði verður lögð áhersla á að styðja og hvetja leiðbeinendur sem hafa áhuga á kennaranámi til að hefja og/eða ljúka slíku námi. Þróað verður verklag sem felur í sér hvatningu, námslega aðstoð og starfsþróun á meðan á námi stendur. Við mótun verklags verður horft til reynslu af stuðningi við nema í leikskólum Kópavogs. Einnig verður skoðað hvernig hægt er að laða að menntaða kennara sem eru að ljúka námi eða vilja snúa aftur til kennslu.

Markmið: Að fjölga menntuðum kennurum í grunnskólum Kópavogs með því að laða að kennara sem vilja snúa aftur til kennslu og styðja leiðbeinendur til náms.

14. Símenntun og fagleg þróun kennara

Fagmennska kennara hefur bein áhrif á námsárangur nemenda. Til að mæta fjölbreyttum nemendahópum verður lögð áhersla á áframhaldandi þróun framboðs námskeiða sem byggja á þörfum kennara og skólasamfélagsins. Heildstæð áætlun um símenntun verður unnin í samvinnu við skóla og háskólastofnanir, með áherslu á greinar þar sem skortur er á kennurum, svo sem í íslensku, náttúrufræði og stærðfræði. Einnig verður lögð áhersla á að efla hæfni kennara til að nýta stafræna tækni og gervigreind á ábyrgan hátt í kennslu og námsmati.

Markmið: Að efla fagmennsku kennara með markvissri símenntun sem tekur mið af breyttum þörfum skólastarfs.

15. Náms- og starfsumhverfi sem styður öryggi og vellíðan

Öruggt náms- og starfsumhverfi er forsenda þess að nemendur og starfsfólk skóla upplifi traust og virðingu og hafi svigrúm til að sinna námi og starfi af heilindum. Öryggi nær til fjölmargra þátta og felur í sér vernd gegn áreitni, ofbeldi og óásættanlegri hegðun. Greint verður hvaða þættir í náms- og starfsumhverfinu styðja við öryggi, vellíðan og jákvæða menningu. Öryggi og aðgengi að skólahúsnæði og skólalóð verða sérstaklega skoðuð. Einnig verður rýnt hvernig ábyrgðarskipting og teymisvinna innan skóla geta styrkt samstarf og faglega vellíðan. Mótuð verða sameiginleg viðmið og ferlar um samskipti, ábyrgð og viðbrögð við aðstæðum sem ógna öryggi starfsfólks og nemenda. Lögð verður áhersla á virka þátttöku starfsfólks í mótun sameiginlegra viðmiða, eflingu faglegs trausts og eftirfylgni með umbótum.

Markmið: Að styrkja öflugt náms- og starfsumhverfi í grunnskólum Kópavogs sem byggir á öryggi, trausti og faglegri virðingu.

16. Stuðningur við forystuhlutverk skólastjórnenda

Skólastjórnendur gegna lykilhlutverki í að móta faglegt skólastarf, skipulag og starfsumhverfi sem styður við öryggi, vellíðan og árangur. Til að styðja við þetta hlutverk verður í samráði byggt



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

upp stuðningskerfi sem felur í sér fræðslu, handleiðslu, ígrundun og faglegan samræðuvettvang stjórnenda. Sérstök áhersla verður lögð á að styðja stjórnendur í að þróa teymisvinnu og skýra ábyrgðarskiptingu innan grunnskólanna með það að markmiði að efla faglegt samstarf og traust.

Markmið: Að efla skólastjórnendur með stuðningskerfi sem styður við faglega og félagslega forystu.